

LÖG
um breytingu á lögum um kjararáð, nr. 130/2016
(frestun á framkvæmd lagaákvæða).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Kjararáð skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 8. gr. laganna:

- a. 2. másl. f-liðar orðast svo: Laun og önnur launakjör þeirra skrifstofustjóra í Stjórnarráði sem ekki falla undir úrskurðarvald kjararáðs, lögreglumanna, tollvarða og fangavarda skulu fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr.
- b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 1. másl. 39. gr. og 1. og 2. másl. 1. mgr., 1. og 2. másl. 2. mgr og 5. mgr. 39. gr. a um ákvörðun grunnlaunaflokks, undirflokks og viðbótarlauna koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2018. Fram að þeim tíma mun kjararáð ákvarða laun forstöðumanna samkvæmt lögum nr. 47/2006, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 130/2016.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Benedikt Jóhannesson.